



Þjónustukönnun meðal íbúa að Elliðaabraut ELLA

Ágúst 2023

Teymi árangurs- og gæðamats

ELLA

- Á árunum 2020 til 2021 var 14 ungum einstæðum mæðrum á aldrinum 18-29 ára úthlutað félagslegu leiguhúsnæði að Elliðabraut í Norðlingaholti. Húsnæðinu var úthlutað sem áfangahúsnæði sbr. 2. gr. og 7. mgr. 19. gr. reglna Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði.
- Áhersla var lögð á að mæðurnar væru virkir þátttakendur í samfélaginu og þeim boðið upp á fræðslu, stuðning og ráðgjöf til að ná markmiðum sínum með gerð einstaklingsáætlunar. Unnið yrði eftir hugmyndafræði áfangaheimilanna, þ.e. mikil þjónusta í stuttan tíma.
- Tilgangur verkefnisins var fyrst og fremst að veita konunum stuðning og stuðla að aukinni virkni og þátttöku þeirra í samfélaginu. Það var gert með að úthluta þeim húsnæði, öryggi og félagslegan stuðning og ráðgjöf á vettvangi. Áætlaður ávinningur af verkefninu var meðal annars aukin lífsgæði kvennanna og fjölskyldna þeirra.
- Fyrir lá að taka út ELLU verkefnið eftir tveggja ára reynslutíma þar sem um tilraunarverkefni er að ræða.



Framkvæmd og markmið könnunar

Könnunin var framkvæmd af teymi árangurs- og gæðamats á velferðarsviði.

Sumarið 2023 hringdi starfsmaður í teymi árangurs- og gæðamats í þær 10 konur sem bjuggu á þeim tíma að Elliðabraut. Þær höfðu búið mislangi að Elliðabraut eða allt frá tæpt ár upp í rúm tvö ár. Af þeim 10 konum sem hringt var í svöruðu 8 könnuninni í síma. Ein svaraði henni á netinu. Ekki náðist í eina konu þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir yfir þriggja mánaða tímabil.


Markmið könnunarinnar var að kanna upplifun kvennanna að stuðningi og líðan í ELLUNNI.

Virkni svarenda (fjöldatölur)




Þátttakenda í ELLUNNI svöruðu könnuninni

Hve lengi svarendur höfðu verið þátttakendur í ELLUNNI




Stuðningur í ELLUNNI

Hefur þú fengið þann félagslega stuðning sem þú hefur þurft á að halda í ELLUNNI?



Hefur þú fengið þann uppeldisstuðning sem þú hefur þurft á að halda í ELLUNNI?



*Getur þú komið með tillögur að því hvernig hægt að koma betur til móts við þig?

"Fleira starfsfólk- þær hafa lítinn tíma til að hitta mann"

Svarendur voru allar sammála því að þátttaka þeirra í ELLUNNI hefðu stutt þær í foreldrahlutverkinu og að þátttaka hefði auðveldað þeim aðgengi að stuðningi og/eða þjónustu fyrir börnin þeirra.

Markmiðssetning (samkomulag um félagslega ráðgjöf)

Dæmi um markmið svarenda:

8 af 9 sögðust hafa sett sér markmið með þátttöku í ELLUNNI.

Þær sem höfðu sett sér markmið sögðu allar að það væri mikilvægt fyrir sig að setja sér markmið.

7 af 8 sem sögðust hafa sett sér markmið sögðust fá stuðning frá ráðgjöfum ELLUNNAR við að ná markmiðum sínum*.

Allar fyrir utan eina sögðust ekki enn vera búnar að ná öllum markmiðum sínum.

"Fara í göngutúr á hverjum degi, fara út fyrir þægindarammann og fara í félagslegar aðstæður sem vekja erfiðar tilfinningar".

"Kaupa mér íbúð og verða leikskólakennari".

"Koma mér út á vinnumarkaðinn og koma mér í venjulega íbúð".

"Komast á vinnumarkaðinn".

"Vinna með félagsfælnina, út að labba, setja mig í félagslega aðstæður. Langtímamarkmið er að fara í skóla".

"Verða öruggari sem móðir, fá þann stuðning sem ég þarf á að halda".

*Ein sagðistekki hafa þörf fyrir stuðning frá ráðgjöfunum til að ná markmiðum sínum - stuðningurinn kæmi annarstaðar frá

Líðan í ELLUNNI

Viltu koma einhverju á framfæri er varðar líðan þína í Ellunni?

Hvernig líður þér með það að vera í ELLUNNI?



"Einmanna hér- staðsetning á íbúðinni ekki góð".

"Get alltaf leitað til ráðgjafanna sama hvað er að".


"Gott að fá stuðninginn, en hallærisleg blanda að setja saman í blokk eldra fólk, fatlaða og einstæðar mæður. Margar mæðurnar með alvarleg vandamál".

"Þurfa að vera skýrar reglur er varðar umgengni í húsinu".

"Vil helst ekki fara, líður mjög vel. Finnst þetta vera geggjað úrræði fyrir stelpur í minni stöðu".

"Mjög skrítið að eignast barn og búa allt í einu ein. Að vera sjálfstæð er skrítið- en jákvætt".


Líðan í ELLUNNI



Eingöngu var spurt um ráðgjöf í ELLUNNI, þ.e. félagsráðgjafa og uppeldisráðgjafa sem þar starfar


Líðan í ELLUNNI

Spurt var hvort búseta og þátttaka í ELLUNNI hefði haft áhrif á eftirfarandi:




Að lokum

Heilt yfir hversu ánægð / óánægð ertu með ELLUNA?



Hversu líklegt / ólíklegt er að þú myndir mæla með þátttöku í ELLUNNI?



Að lokum fengu svarendur að koma einhverju á framfæri er varðar ELLUNA.

Til dæmis hvað er vel gert og/eða hvað megi betur fara til þess að mæta þörfum þeirra foreldra sem búa að Elliðabraut.

"Aðrar stelpur hafa líka kvartað yfir því að ráðgjafarnir svara ekki alltaf símanum. Það var sagt að þær svöruðu alltaf símanum".

"Ekkert sem ég get sett út á".

"Flott úrræði og mjög góðar konur sem vinna hérna- og starfsfólkið úr kjarnanum".

"Mætti aðskilja búsetuna frá úrræðinu- hafa þetta frekar hverfistengt".

"Mjög þakklát fyrir að hafa fengið þetta tækifæri, frábært úrræði sem þörf er á. Náið samband við ráðgjafa og mikið traust. Það sem mætti bæta er fjöldi starfsmanna en ég upplifi að ráðgjafarnir hafi of mikið að gera".

"Ég kunni ekki á lífið og búsetan hér hefur hjálpað mér með það".



Teymi árangurs- og gæðamats
Velferðarsviði
Höfðatorg, Borgartún 12-14
105 Reykjavík